


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
Glugga- og hurðasmíði		
GLU104		
Námsáætlun vorönn 2017		

Nafn kennara:	<i>Halldór Torfi Torfason, Ketill Sigurðarson og Kristján Davíðsson</i>	Sk.stöfun:	HTT, KES KRD
----------------------	---	-------------------	-------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er kennd smíði glugga og útihurða með áherslu á trésmsetningar, vélavinnu og handverk. Nemendur læra um viðartegundir og önnur smíðaefni sem notuð eru í glugga og útihurðir, áhöld og tæki, samsetningaraðferðir, yfirborðsmeðferð og smíðisfestingar. Lögð er áhersla á að nemendur geti gengið úr skugga um gæði þeirra smíðaefna sem unnið er með og að endanlegur smíðishlutur uppfylli kröfur um málsetningar, útlit o.fl. Nemendur fá áframhaldandi þjálfun í notkun og umgengni við allar algengar trésmíðavélar og kynnast flóknari vélbúnaði sem sérstaklega tengist glugga- og hurðasmíði. Kennslan er að mestu verkleg þar sem nemendur smíða hluti eftir teikningum og/eða verklýsingum. Áfanginn er ætlaður bæði húsa- og húsgagnasmíðum.

Áfangamarkmið:

Nemandi

þekki þau smíðaefni sem notuð eru við gerð glugga og útihurða

- geti valið hentugt smíðaefni með hliðsjón af verkefni hverju sinni
- hafi þekkingu á eiginleikum viðar og plötuefnis með tilliti til endingar
- hafi innsýn í tæknilega viðarvernd við smíði útiglugga og útihurða
- geti valið smíðisfestingar og þéttlista með hliðsjón af verkefni
- kunni skil á notkun málna og plasts við smíði glugga og útihurða

þekki áhöld og vélar sem notuð eru við smíði glugga og útihurða

- geti valið réttar trésmíðavélar bæði til fjölda- og stykkjaframleiðslu
- kunni að velja skurðarverkfæri og skurðarhorn út frá viðartegund
- geti valið verkfæri og skurðarhorn til vinnslu samsíða og þvert á trefjastefnu
- geti notað og haldið við áhöldum, rafmagns- og lofthandverkfærum
- geti með aðstoð mæliáhalda gengið úr skugga um rétta virkni og stillingar véla
- þekki samhengið milli snúnings-, skurðar- og mótunarhraða og yfirborðsgæða
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað viðkomandi áhalda og tækja

þekki samsetningaraðferðir á gluggum og útihurðum


- þekki helstu efnissamsetningar sem notaðar eru í gluggum og hurðum
- geti valið lífmáburðartæki, þvingur og pressur fyrir glugga- og hurðasmíði
- kunni skil á límtegundum og límhörðunarkerfum fyrir mismunandi viðartegundir
- þekki samlímingu á tré sem notað er til að smíða bogna og beina íhluti
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað sem snertir lím og meðferð þess

kunni skil á yfirborðsmeðferð glugga og útihurða

- þekki aðferðir til að fúaverja og yfirborðsmeðhöndla glugga og útihurðir
- geti valið slípi- og málningarkerfi fyrir mismunandi viðartegundir
- kunni skil á gagnvörn smíðaviðar og þekki efni til yfirborðsmeðferðar
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við fúavörn og yfirborðsmeðferð

Kennslugögn:

Glugga- og hurðasmíði, IÐNÚ 2004

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Glugga- og hurðasmíði GLU104 Námsáætlun vorönn 2017		

Starfsaðferðir:

Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Í verklega hlutanum verður unnið við glugga og hurðir í sumarhúsi VMA ásamt einstaklingsverkefnum. Í bóklega hlutanum verður farið í framleiðsluferli við glugga- og hurðasmíði og verkefni unnin.

Aðalverkefni annarinnar verða tengd byggingu sumarhúss VMA. Smíðaðir verða gluggar, opnanleg fög og útihurðir. Unnið verður við ísetningu glugga og hurða, ásamt glerjun og frágangi. Húsið verður klætt að utan og innan. Farið verður í smíði á innihurðum, skrásetningu, hengslun og frágang.


Í upphafi hvers dags fara kennarar yfir þau verkefni sem vinna á. Lögð er á það áhersla að nemendur glósi hjá sér þá punkta sem koma frá kennara og afli sér upplýsinga um vinnuaðferðir og útfærslur. Kennslubókin verður lesin, verkefni verða unnin og gerð verður grein fyrir iðnaðarframleiðslu á gluggum og hurðum.

Námsmat:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Vika	Námsefni (verkefni til starfseinkunnar)	Vægi í %	
1 – 12	Gluggar í sumarhús VMA, smíði, glerjun, ísetning og frágangur	20%	
5 – 18	Gluggar í sumarhús VMA, opnanleg fög	20%	
1 – 18	Unnið við klæðningar á sumarhúsi VMA	20%	
4 – 18	Hurðir og karmar	10%	
2 – 18	Einstaklingsverkefni	10%	
8 og 16	Tvö skrifleg verkefni (jafnt vægi)	20%	
Samtals		100%	

Áfanganum lýkur með verklegu lokaprófi
Lokaprófið gildir 30%.
Starfseinkunn 70%. Verkefni annarinnar

5. janúar 2017


Undirritun kennara


Undirritun kennara


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils